

28. september 2010

Fyrsti fundur Delta deildar starfsárið 2010-2011, var haldinn að Hvanneyri þriðjudaginn 28. september, og hófst fundurinn kl .18.00

Þórunn Reykdal tók á móti okkur í Ásgarði, þar sem er móttaka og skrifstofur staðarins. Þórunn sagði frá starfi Landbúnaðarháskólans og NOVA netverkinu sem hún hefur veg og vanda af.

Að því loknu lá leið okkar út í kirkju þar sem Bjarni Guðmundsson verkefnastjóri Landbúnaðarsafns Íslands kynnti sögu skólans og staðarins. Hann sagði frá kirkjunni sem er um það bil 100 ára gömul, teiknuð af Rögnvaldi Ólafssyni arkitekt. Að loknu skemmtilegu erindi hans var haldið að Skemmunni, þar sem beið okkar súpa, brauð og salat. Elísabet formaður færði Bjarna rós, sem þakklætisvott fyrir fróðlegt erindi.

Kl. 20:15 setti Elísabet formaður fundinn og kveikti á kertunum. Hún bauð gesti sérstaklega velkomna, þær Elísabetu Haraldsdóttur, Jónínu Ernu Arnardóttur, Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttur og Ásgerði Ólafsdóttur. Formaðurinn sagði frá samtökunum í stuttu máli og frá Framkvæmdaráðsfundi sem var 4. september s.l.. Þar voru formenn allra deilda og formenn nefnda. Auk Elsu sátu fundinn frá Delta deild Jónína Eiríksdóttir og Sigrún Jóhannesdóttir.

Formaður greindi frá því að nauðsynlegt er að hækka árgjald í 8.000 kr. Er það í samræmi við aðrar deildir. Á framkvæmdaráðsfundi kom fram að við verðum að skila 7.500 kr. á hvern féлага til landsambandsins. Því hefur verið ákveðið að hækka félagsgjaldið úr 5.500 kr. í 8.000 kr. - við höldum þá eftir 500 kr fyrir deildina okkar.

Ritari las fundargerð síðasta fundar. Formaður bað ritara að fara yfir mætingu á fundinn, hafa nafnakall og verður það framvegis gert. 15 mættu á þennan fyrsta fund vetrarins.

Formaður sagði frá starfi stjórnar og skipulagi funda í vetur. Framkvæmdaráð leggur til að þema vetrarins verði *Fagmennska í fyrirrúmi* og mun Delta deild starfa samkvæmt því. Söfnunarbaukur var látinn ganga til styrktar skólum í Afríku (Unicef).

Þá bað Jensína gjaldkeri um orðið. Hún útdeildi félagsskírteinum og bað konur að greiða árgjaldið fyrir 1. nóvember. Hún sendir okkur póst með bankaupplýsingum fljótlega.

Theodóra Þorsteinsdóttir flutti *Orð til umhugsunar*. Hún talaði um tímann, sem er allt of fljótur að líða. Því væri um að gera að lífa lífinu lifandi.

Happdrættið var á sínum stað og fékk Elísabet formaður okkar vininginn. Fundi slitið kl 21.10

Fundarritari Halldóra Jónsdóttir